

og geymslu auk íbúðarhúss. Þá er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir framkvæmdum og breytingum á hverasvæði s.s. byggingu dælustöðvar vegna virkjunar jarðhita og lokun hvera vegna slysaþættu.

Breytingar á deiliskipulagi Hýrumels hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Borgarfjarðarsveit, 10. júlí 2000.*

**Pórunn Gestsdóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu, sem öðlast gildi við birtingu.

Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 431/1999, breytist þannig:

Gjöld vegna sölu á rafmagni, B-hluti, hækka um 3,9%.

Gjöld vegna sölu á heitu vatni, D-hluti, hækka um 2,6%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, nr. 32/1998.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, breytist þannig:

Heimtaugargjöld hækka um 5%.

Orkugjald afltaxta (C2) hækkar um 6%, en aflgjald afltaxta verður óbreytt.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar hækka um 2,9%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*